



Spáum að verðbólga nái hámarki í júní

Hagstofan birtir aprílmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 28. apríl. Hagfræðideild Landsbankans spáir tæplega 0,7% hækkun vísitölnnar milli mars og apríl. Gangi spáin eftir verður 12 mánaða verðbólga óbreytt í 6,7% milli mars og apríl. Við spáum því að verðbólgan mun vaxa aðeins fram á mitt ár en þá gerum við ráð fyrir 7% verðbólgu. Upp frá því mun taka við hæg verðbólguhjöðnun. Við spáum við því að verðbólga án húsnæðis haldi einnig áfram að vaxa og að hún fari hæst í 5,6% í ágúst áður en hún hjaðnar á ný.

Þeir liðir sem veða langmest til hækkunar verðlags milli mars og apríl eru annars vegar matur og drykkur og hins vegar reiknuð húsaleiga. Samtals skýra þessir liðir um 60% af heildarhækkun verðlags milli mánaða.

Verðbólga í mars reyndist svipuð og við spáðum

Verðbólgan var 6,7% í mars og en við höfðum spáð 6,8% verðbólgu. Þetta var fyrsta mælingin síðan í nóvember þar sem verðbólga reyndist minni en við spáðum. Húsnæðisverð hækkaði meira en við áttum von á. Á móti vó að föt og skór og flugfargjöld hækkuðu minna en við væntum.


Mikil verðbólga erlendis mun skila sér hingað til lands í einhverjum mæli

Verðbólga er í áratuga hámarki í flestum viðskiptalöndum Íslands og er hún t.d. meiri í Bandaríkjunum en hér á landi. Miklar verðhækkanir á hrávöru á undanförunum ársfjórðungum hafa aukið verðbólgu með bæði beinum og óbeinum hætti. Olíuverð hefur hækkað mikið á síðustu misserum sem hefur bæði hækkað dæluverð á eldsneyti en einnig flutningskostnað sem leggst ofan á vöruverð.

Viðbúið er að þær hækkunir sem orðið hafa á hrávöruverði eftir faraldur en einnig vegna innrásar Rússa í Úkraínu eigi enn eftir að koma að fullu fram í verðbólgu í viðskiptalöndunum. Þessi verðbólguþróun erlendis mun skila sér hingað til lands í einhverju mæli. Að hversu miklu leyti og hvenær mun ráðast að miklu leyti af gengisþróun krónunnar. Við teljum að krónan muni leita til frekari styrkingar á næstu mánuðum sem mun veða á móti innfluttri verðbólgu.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14.4%	1.40%	0.20%
Áfengi og tóbak	2.6%	0.31%	0.01%
Föt og skór	3.7%	0.17%	0.01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14.6%	0.35%	0.05%
Reiknuð húsaleiga	17.6%	1.22%	0.21%
Húsgögn og heimilisb.	6.6%	0.63%	0.04%
Heilsa	3.5%	0.68%	0.02%
Ferðir og flutningar (annað)	3.7%	0.02%	0.00%
Kaup ökutækja	5.3%	0.97%	0.05%
Bensín og díselolía	3.5%	0.50%	0.02%
Flugfargjöld til útlanda	1.4%	2.26%	0.03%
Póstur og sími	1.5%	-0.63%	-0.01%
Tómst. og menning	9.4%	-0.04%	0.00%
Menntun	0.5%	0.00%	0.00%
Hótel og veitingast.	4.6%	0.93%	0.04%
Aðrar vörur og þjónusta	7.0%	0.26%	0.02%
Alls	100%		0.69%

12 mánaða verðbólga



Verðbólga í viðskiptalöndunum í febrúar en verðbólga á Íslandi í mars.
Heimild: Macrobond



Verðbólgan mun toppa um mitt ár


Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að verðlag hækki áfram á næstu mánuðum. Við spáum 0,5% hækkun verðlags í maí, 0,5% hækkun í júní en að verðlag verði svo óbreytt milli júní og júlí. Gangi spáin eftir fer verðbólga upp í 7% í júní en lækkar svo niður í 6,8% í júlí. Sé litið enn lengra fram í tímann eigum við von á því að verðbólga verði komin undir 6% í október en verði enn há í lok árs, eða 5,5%. Verðbólga án húsnæðis var 4,6% í mars en við gerum ráð fyrir að hún muni halda áfram að aukast áður en hún hjaðnar á ný. Við spáum því að hún nái hámarki í ágúst næstkomandi og verði þá 5,6% en taki að lækka upp úr því og endi árið í 4,8%.

Óvissa um verðhækkunir á innfluttum vörum

Ljóst er að miðað við fréttir eru smásalar að fá tilkynningar um verulegar verðhækkunir frá innlendum og erlendum birgjum. Ekki er óalgengt að þær hlaupi á tugum prósentu. Þetta á við um t.d. þá hluta neyslukörfunnar sem snúa annars vegar að mat og drykk og hins vegar að veitingastöðum. Töluverð óvissa ríkir hins vegar um hversu miklar hækkunirnar verða og hvenær þær koma fram í almennu verðlagi hér á landi. Sé horft til síðustu mánaða hefur matur og drykkur í evruríkjum verið að hækka mun meira milli mánaða en venja er. Þannig hækkaði matvara um 0,8% í desember, 1,1% í janúar og 0,9% í febrúar. Heildarhækkun á verði matvöru yfir þessa 3 mánuði er 2,9% sem er mesta hækkunin síðan árið 2001.


Við spáum því að matarkarfan hækki um 1,4% í apríl og má að miklu leyti rekja það til hækkana á heildsöluverði mjólkurvara. Gangi spáin eftir verður 12 mánaða hækkun matvöru 5,3%. Krónan hefur styrkst frá því í mars og gerum við ráð fyrir að hún muni leita til frekari styrkingar á næstu mánuðum sem mun vega á móti öllum verðhækkunum á innfluttri matvöru og hrávöru til matargerðar.

Verðbólguþá með og án húsnæðis



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

12 mánaða verðbólga í mat og drykk



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.